

## OECD-FAO Agricultural Outlook: 2007-2016

Summary in Icelandic

### OECD-FAO Horfur í landbúnaði 2007-2016

Útdráttur á íslensku

- Heimsmarkaðsverð fyrir ýmsar landbúnaðarvörur í alþjóðlegum viðskiptum sem er sterkt um þessar mundir er að miklu leyti svo vegna tímabundinna þátta, svo sem minnkandi framboðs vegna þurrka og lítilla birgða. En formgerðarbreytingar, svo sem aukin eftirspurn eftir hráefni til framleiðslu á lífrænu eldsneyti og minna offramboð vegna liðinna stefnuumbóta, kunna að halda verði fyrir ofan sögulegt jafnvægisstig næstu 10 árin.
- Hærra vöruverð er sérstakt áhyggjuefni fyrir þróunarríki sem flytja inn allan mat sem og hina fátæku meðal íbúa borga og mun kalla fram áframhaldandi umræðu um málið um „mat andspænis eldsneyti“. Á meðan hráefnisverð fyrir lífrænt eldsneyti heldur enn fremur uppi tekjum framleiðenda þessarar framleiðslu felur það í sér meiri kostnað og lægri tekjur fyrir framleiðendur sem nota sama hráefni í dýrafóður.
- Væntingar um að heimsmarkaðsverð hafi náð auknum stöðugleika kunna að auðvelda frekari stefnuumbætur utan verðstyrkingar. Það myndi draga úr þörfinni fyrir jaðarvernd og sjá fyrir sveigjanleika til tollalækkana.
- Aukin notkun á korni, sykri, olíufræjum og jurtaolíu til að svala þörf sívaxandi iðnaðar í lífrænu eldsneyti er eitt aðaldrifið í horfunum. Á tímabili horfanna mun verulegt magn af máis í Bandaríkjunum, hveiti og repjufræjum í Evrópusambandinu og sykri í Brasilíu verða notað fyrir framleiðslu á etanóli og lífrænni dísilolíu. Þetta skýtur stoðum undir verð á uppskeru og enn fremur óbeint í gegnum hærri fóðurkostnað verð á búfjárafurðum.
- Að því gefnu að í flestum ríkjum tempraða beltisins sé framleiðsla etanóls og lífrænnar dísilolíu ekki fjárhagslega hagkvæm án styrkingar gæti öðruvísi samsetning framleiðslutækni, stefna varðandi lífrænt eldsneyti og verð á óhreinsaðri olíu en er áætluð í þessum Horfum leitt til lægra verðs en gert er ráð fyrir í þessum Horfum.
- Hin áætlaða mikla aukning eftirspurnar í mörgum þróunar- og nývaxtarhagkerfum mun hvetja til þenslu í innflutningi sem og leggja til hvata til þróunar í getu landsframleiðslunnar. Fyrir vikið er áætlað að OECD ríkin sem hópur tapi framleiðslu- og útflutningshlut í mörgum vöruflokkum til ríkja utan OECD á tímabili horfanna.

- Mælt í hnattrænum innflutningi er áætlað að heimsviðskipti vaxi í öllum vörflokkum sem skoðaðir eru í þessari skýrslu, án undantekninga. Árið 2016, borið saman við meðaltal árunna 2001-05, verður viðskiptaþenslan enn hæfileg fyrir undanrennuduft (7%), er 13% til 17% grófu korni og hveiti í þeirri röð, en vex um ríflega 50% í nautakjöti, svínakjöti og nýmjólkurdufti og nálægt 70% í jurtaolíu.

- Innflutningur vex meira í þróunarríkjum en í OECD ríkjum hvað varðar allar vörur nema jurtaolíu. Og hvað varðar allar vörur nema hveiti og gróft korn er öllum þessum vaxandi mörkuðum æ betur sinnt með meiri útflutningi frá öðrum þróunarríkjum. Heimsmarkaður í landbúnaði einkennist þannig af vaxandi sunnan-suður viðskiptum sem eykur samkeppnina í útflutningsríkjum innan OECD.

- Aukin viðvera Argentínu og Brasilíu á útflutningsmörkuðum sætir undrun. Á meðan vöxtur Brasilíu kristallast öðru fremur í sykri, olíufræjum og kjöti nær útflutningsgeta Argentínu líka yfir korn og margar mjólkurvörur. Aðrir vaxandi útflytjendur í þróunar- og aðlögunarhagkerfum eru Rússland og Úkraína í grófu korni, Víetnam og Tæland í hrísgrjónum, Indónesía og Tæland í jurtaolíu og Tæland, Malasía, Indland og Kína í alifuglum.

- Innflutningsaukning er mun útbreiddari milli ríkja. Hvað sem því líður eru yfirráð Kína yfir viðskiptum með olíufræ og afurðir þeirra sláandi. Árið 2016 verður Kína orðið stærsti innflytjandi í olíufræjamatvælum og landið á eftir að styrkja enn frekar leiðandi stöðu sína í innflutningi á olíu og olíufræjum. Hvað varðar seinni afurðina mun hlutur hennar í hnattrænum innflutningi hafa aukist upp í næstum 50%.

© OECD/FAO 2007

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop/](http://www.oecd.org/bookshop/)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal, 75116  
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

